



# Byggðasafn Vestfjarða

Ísafirði, 1. febrúar 2000,

Hr. Þjóðminjavörður  
Þór Magnússon  
150 Reykjavík

## Ársskýrsla 1999

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var að mestu leiti hefðbundin á árinu 1999. Fjölmargir færðu safninu muni og gestafjöldi sambærilegur við fyrri ár. Auk starfsemi og sýninga í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði var safnið einnig sýnilegt í Viktoríuhúsi í Vigur og í Ósvör í Bolungarvík, auk torfbæjarins á Hrafnseyri við Arnarfjörð, sem er í eigu Hrafnseyrarnefndar. Með þessu móti hefur verið brugðist við mesta vanda safnsins við að gera safnmunina sýnilega, einnig er hér um að ræða sjálfsagða greiðvikni við hlutaðeigandi og þeir traustsins verðir.

Einnig hefur verið viðleitni til að tengja safnið atvinnulífinu með samvinnu við ferðaþjónustuna og vinnuskóla bæjarins m.a.með saltfiskverkun, svo hefur safnið verið þátttakandi í „Sumarkvöldunum í Neðsta”, sem er sagnfræðileg menningardagskrá í viku hverri yfir sumarið.

Safnið hefur farið nokkuð inn á þá braut að opna húsakynni sín meira en gengur og gerist og heimila að þar séu haldnar móttökur og annar mannfagnaður s.s. stórafmæli og brúðkaup, svo eitthvað sé nefnt.

Í árslok 1999 var ráðinn nýr starfsmaður til safnsins, Heimir Hansson, sem áður starfaði sem safnvörður í Safnahúsi Borgarfjarðar. Tók hann til starfa 16. desember. Þetta nýja starf er full staða og hrein viðbót við það sem áður var.

Nokkrar umræður áttu sér stað á árinu um endurskoðun á stjórnskipan safnsins, en engin formleg safnstjórn hefur verið til frá því að sameining sveitarfélaga var gerð á Vestfjörðum 1996. Rekstraraðilar safnsins, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur tóku málið á dagskrá síðla árs 1999 og er þeirri vinnu ekki lokið enn. Þó eru bundnar vonir við að henni megi ljúka snemma árs 2000,

Jón Sigurpálsson

*Byggðasafn Vestfjarða*  
*Turnbúsínu – 400 Ísafirði – símar: 456 3291 og 456 3293*  
*Kennitala: 660463-0119*